

12. desember 1973.

757

Nr. 399.

AUGLÝSING

um náttúruvætti í Skútustaðagígum.

Náttúruverndarráð hefur tjáð ráðuneytinu, að eigendur og réttihafar nágrennis Skútustaðagíga hafi lýst því yfir, að þeir séu samþykkir friðlýsingu gíganna og muni engar bótakröfur gera vegna hennar, og hefur ráðið fyrir sitt leyti samþykkt friðlýsinguna.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, og með skírskotun til laga nr. 41/1971, um náttúruvernd, tekur friðlýsingin gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Reglur um friðlýsingu þessa eru í meðfylgjandi fylgiskjali.

Í menntamálaráðuneytinu, 12. desember 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Knútur Hallsson.

Fylgiskjal.

Auglýsing um náttúruvætti í Skútustaðagígum.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur Náttúruverndarráð ákveðið á fundi sínum hinn 29. janúar 1973 að friðlýsa Skútustaðagíga í Suður-Þingeyjarsýslu og næsta umhverfi þeirra sem náttúruvætti.


Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Vestan Stakhólstjarnar lina hugsuð um 3 m frá rótum Hraðuhvers að mörkum skólalóðar og með þeim að vegi, en síðan vegurinn til móts við suðvesturhorn tjarnarinnar og þaðan stystu leið í tjörn. Að austan hugsuð lina, skemmt 20 metra utan róta syðstu gíga, beina leið milli tjarnar og Mývatns.

Þessar reglur gilda um svæðið:

1. Gjalltaka og mannvirkjagerð öll er bönnuð og hvers konar jarðrask, er breytir eða veldur skemmdum á útliti gíganna.
2. Nytjar graslendis milli gíga eru leyfðar, sem hingað til, en þó þannig, að búvélar valdi ekki spjöllum á gígum.
3. Frekari ræktun og gerð nýrra ökuslóða er háð leyfi Náttúruverndarráðs.
4. Bannað er að tjalda á eða í gígum.
5. Gangandi fólki er heimil för um svæðið utan ræktaðs lands eftir merktum stígum, en öllum er skylt að ganga vel um og snyrtilega.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer að náttúruverndarlögum.



REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Búðahrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd Búðahrepps fer með stjórn vatnsveitunnar, sem er eign Búðahrepps. Hún hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og getur fullnægt og einnig til hafnarinnar. Vatnsveitan er sjálfstætt fyrirtæki í rekstri Búðahrepps, með sérstöku reikningshaldi.

2. gr.

Meðan hreppsnefndin ákveður ekki annað, annast verkstjóri hreppsins ásamt starfsmönnum hreppsins, eða sérstakur umsjónarmaður daglegan rekstur vatnsveitunnar.